



**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 3. september 2026

SFS26060274

## MINNISBLAÐ

---

### ***Ráðningar skólastjóra hjá skóla- og frístundasviði, febrúar – ágúst 2026***

Vegna ráðninga skólastjóra á skóla- og frístundasviði á tímabilinu febrúar – ágúst 2026 eru veittar eftirfarandi upplýsingar.

Staðan var auglýst á vef Reykjavíkurborgar og á vef Alfreðs. Byggt á heildstæðu mati á umsækjendum var hæfasti umsækjandinn ráðinn.

Á tímabilinu var einn grunnskólastjóri ráðinn.

Í júní 2026 var Guðrún Anna Gunnarsdóttir ráðin skólastjóri í Norðlingaskóla.

Staðan var auglýst í maí 2026 og rann umsóknarfrestur til 21. maí 2026.

Ellefu umsækjendur sóttu um stöðuna, átta konur og þrír karlar. Tveir drógu umsókn sína til baka. Tekin voru viðtöl við fimm umsækjendur.

Guðrún Anna er með viðbótarpróf á meistarastigi í farsæld barna, áföllum og samþættri þjónustu frá Háskóla Íslands ásamt framhaldsnámi í stjórnun menntastofnanna. Guðrún hefur víðtæka reynslu sem skólastjórnandi og hefur verið aðstoðarskólastjóri í Sæmundarskóla frá 2022 en áður starfaði hún þar sem deildastjóri og kennari.



**Reykjavík**